

## Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 55. stjórnarfundur.

Stjórnarfundur í Skólaskrifstofu Austurlands haldinn 24. ágúst 2005 í Hermes á Reyðarfirði.  
Hófst fundurinn kl. 15:00.

Mætt voru: Jósef Friðriksson stjórnarformaður, Gunnlaugur Sverrisson, Jón Halldór Guðmundsson, Sigfríður Þorsteinsdóttir og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður. Björn H. Sigurbjörnsson átti ekki tækni á að sækja fundinn.

Dagskrá:

1. **Bréf frá Skeggjastaðahreppi.**
2. **Drög að ársreikningi 2004.**
3. **Starfsmannamál.**
4. **Önnur mál.**

Formaður stjórnar setti fundinn og stýrði honum. Gengið var að því búnu til dagskrár.

### 1. **Bréf frá Skeggjastaðahreppi.**

Í bréfi frá Skeggjastaðahreppi tilkynnir hann úrsögn úr Skólaskrifstofu Austurlands. Gildir úrsögnin frá 1. janúar 2006. Stjórnin mun kynna málið á aðalfundi skrifstofunnar.

### 2. **Drög að ársreikningi 2004.**

Drögin eru lögð fram og skýrð. Kynnt var bréf frá KPMG-endurskoðun um framkvæmd endurskoðunar. Samkvæmt fyrirbyggjandi drögum var rekstrarafgangur ársins 2,4 milljónir. Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna hefur nú verið færð í reikninga skrifstofunnar og hefur það nokkuð miklar breytingar á svipmót reikninganna. Lífeyrisskuldbinding skrifstofunnar nam 9.2 milljónum 31.12. 2004. Stjórnin gerir engar athugasemdir við drögin og vísar þeim til aðalfundar.

### 3. **Starfsmannamál.**

Forstöðumaður greindi frá því að Hugufrún Sigurjónsdóttir sálfræðingur hefði látið af störfum á skrifstofunni að eigin ósk. Forstöðumaður fór yfir stöðu mála í starfsmannamálum skrifstofunnar.

### 4. **Önnur mál.**

- Forstöðumaður greindi frá því að formleg viðbrögð hefðu borist frá 3 sveitarfélögum vegna fyrirspurnar skrifstofunnar um þjónustu talmeinafræðings. Þjónustu talmeinafræðings sem sinnt getur þjálfun á Austurlandi skortir í fjórðungnum. Stjórnin felur forstöðumanni og formanni að vinna áfram að framgangi málsins.
- Forstöðumaður kynnti bréf frá Vopnafjarðahreppi um þjónustu Skólaskrifstofunnar. Farið var yfir efni bréfsins.
- Einnig kynnti forstöðumaður áætlun um heimsóknir sérfræðinga skrifstofunnar í skólana í haust. Áætlunin hefur verið kynnt viðkomandi skólum.

- Bréf sem hafa borist kynnt: Frá stjórn Heimilis og skóla um kostun og auglýsingar í skólum. Frá Menntamálaráðuneytinu um breytingar á reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 10.bekk.
- Forstöðumaður lagði fram drög að fjárhagsáætlun skrifstofunnar fyrir árið 2006. Drögin yfirfarin og skýrð af forstöðumanni.
- Forstöðumaður lagði fram hugmynd um að halda aðalfund Skólaskrifstofunnar 14. október kl. 15:00. Samþykkt

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Jón H. Guðmundsson (sign)  
Gunnlaugur Sverrisson (sign)  
Sigurbjörn Marinósson (sign)

Jósef Friðriksson (sign)  
Sigfríður Þorsteinsdóttir (sign)